

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

Reykjavík, 21. júní 2024

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um mál nr. 109/2024 á vegum félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins: *Samfélag okkar allra. Framtíð og stefna Íslands í málefnum innflytjenda. Hvítbók í málefnum innflytjenda. Drög að stefnu til 2038.*

Virðingarfyllt,  
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,  
framkvæmdastjóri

# UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

mál nr. 109/2024 á vegum félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins

*Samfélag okkar allra. Framtíð og stefna Íslands í málefnum innflytjenda. Hvítbók í málefnum innflytjenda. Drög að stefnu til 2038.*

Rauði krossinn á Íslandi þakkar tækifærið sem hér gefst til umsagnar á framkominni hvítbók í málefnum innflytjenda.

Rauði krossinn á Íslandi stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólks í samvinnu við stjórnvöld og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Rauði krossinn hefur sinnt umfangsmikilli þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd og einstaklinga með vernd, m.a. á grundvelli samninga við stjórnvöld. Eftirfarandi umsögn félagsins er fyrst og fremst mótuð af því hlutverki sem og hagsmunagæslu hreyfingarinnar fyrir viðkvæma hópa á borð við flóttafólk og farendur.

Rauði krossinn á Íslandi starfar ávallt samkvæmt grunngildum hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans í málefnum farenda.

## Almennar athugasemdir um frumvarpið

Fulltrúar Rauða krossins hafa komið að því samráði sem ráðuneytið hefur haft við hagaðila, þar með talið innflytjendur sjálfa, bæði með setu í stýrihópi, undirhópum, rýnifundum og umsögnum. Það ríka samráð sem viðhaft hefur verið er til fyrirmyndar sem og að lokadrög hvítbókarinnar hafi verið þýdd bæði á pólsku og ensku. Það gaf Rauða krossinum möguleika á að fá hluta starfsmanna félagsins af erlendum uppruna að gerð þessarar umsagnar. Þau hafa bakgrunn sem innflytjendur eða sem einstaklingar sem hafa þurft að flýja heimkynni sín til Íslands. Félagið telur þeirra sjónarmið sérlega mikilvæg. Hluti af þessari umsögn er því á ensku og inniheldur athugasemdir er varða ensku þýðingu hvítbókarinnar sérstaklega.

Heilt yfir telur Rauði krossinn að hvítbókin nái vel utan um verkefnið þó enn sé erfitt að sjá hvernig framkvæmdin er hugsuð fyrir en aðgerðaráætlun lítur dagsins ljós.

Benda má á að það sem fram kemur í drögunum um þjónustu sumra þjónustuaðila er ekki alltaf í takti við veruleikann. Mörgum úr hópi flóttafólks er gert að finna húsnæði upp á eigin spýtur og nokkur skortur er á stuðningi við atvinnuleitendur. Einnig hefði mátt vænta að ýmis tölfræði sem ætti að vera aðgengileg nú þegar væri inni í drögunum, s.s. tölur yfir þau sem þiggja húsnæðisstuðning hjá HMS.

## Almennt um íslenskukennslu

Mikið er fjallað um íslenska tungu og íslenskukennslu í drögum. Hins vegar er óljósara hvernig staðið verði að því að tryggja að innflytjendur læri málið. Þá má telja óraunhæft að vænta þess að einstaklingur sem hefur sest hér að sækji íslenskunám samhliða fullri vinnu og öðrum skyldum. Það þarf að greiða aðgengi að náminu enn frekar og jafna tækifæri fólks til þess að læra tungumálið og gera fólki kleift að lifa mannsæmandi lífi samhliða tungumálanáminu.

Mikilvægt er að fjölga kennurum með mismunandi móðurmál og/eða tungumálakunnáttu. Þannig geti kennararnir orðið eins konar fyrirmyndir og aukið trúna á að fólk úr tilteknum málahópum geti lært íslensku. Námsefnisgerð þarf einnig að bæta.

Nefna má að til að sækja námsbrautina *Íslenska sem annað mál* við HÍ, sem almennt er mikil ánægja með samkvæmt okkar upplýsingum, er nauðsynlegt að ljúka TOEFL prófi á ensku með viðunandi árangri til þess að komast inn í námið. Þetta er bæði dýrt og útilokar þau sem ekki kunna ensku frá því að læra íslensku sem annað mál á háskólastigi.

## Viðkvæmir hópar

Ekki er hugað nægilega vel að viðkvæmum hópum í hvítbókinni. Ungmennni á aldrinum 16-18 ára eru t.d. hópur sem getur mjög auðveldlega orðið utangarðs og á í hættu á að festast í fátækt. Meðal helstu hindrana þessa hóps hvað menntun varðar eru skólagjöld og skortur á upplýsingum/leiðsögn um íslenska menntakerfið. Félagið vill benda á samantekt sína um aðgengi flóttafólks að menntun sem gerð var 2019 og á því miður enn við í dag að mestu leyti.<sup>1</sup> Fjölga þarf námsleiðum fyrir innflytjendur og niðurfelling skólagjalda er þörf. Hugsanlega mætti koma á fót einhvers konar fornámi að framhaldsskóla fyrir þennan hóp víðar um landið.

Einnig vill félagið nefna mikilvægi móðurmálskennslu flóttafólks og annarra innflytjenda. Skortur er á tækifærum til þess að viðhalda móðurmáli og upprunamenningu og er það tæplega í anda gagnkvæmrar aðlögunar.

Hættumerki eru á lofti í geðheilbrigðismálum erlendra ungmenna. Hætta er á að einstaklingar úr þessum hópi eigi við félagslegan vanda að stríða sem getur haft í för með sér að þau lendi enn frekar utangarðs í stað þess að verða virkir borgarar.

Annað áhyggjuefni félagsins varða fjölskyldusameiningar, hnignandi réttindi þeim tengdum og stöðu þeirra sem aðskildir hafa verið frá fjölskyldum sínum. Það er ekki fjallað um það í hvítbókinni en fullt tilefni er til að leggja áherslu á stuðning við þau sem koma þannig til landsins þannig að þau einangrist ekki og fái þá þjónustu sem þörf er á til að njóta tækifæra hér og gerast nýtir borgarar.

---

<sup>1</sup> Vinsamlegast sjáið nánar: *Aðgengi flóttafólks að íslensku menntakerfi* undir „Ýmsar skýrslur“ á slóðinni [Fréttir og útgefið efni - Rauði krossinn á Íslandi \(raudikrossinn.is\)](http://raudikrossinn.is).

Annar viðkvæmur hópur sem mikilvægt er að horfa til eru einstæðar mæður. Ein fyrirvinna dugar illa til ef börn eru á heimilinu og æ fleiri þurfa að vinna mörg störf til þess að framfleyta sér. Þetta getur komið í veg fyrir aðlögun þessara einstaklinga og fest þau og afkomendur þeirra í fátækt.

### **Atvinnumál**

Mikilvægt er að skýra og einfalda alla ferla varðandi mat á fyrra námi erlendis sem og að greiða leið fólks í störf sem það hefur menntað sig til að vinna. Það er að nauðsynlegt að sýna innflytjendum virðingu með því að viðurkenna afrek og forsögu þeirra, þó hún hafi verið skrifuð erlendis.

Í hvítbókinni segir að mörg úr hópi innflytjenda falli af vinnumarkaði en ekki er rýnt í ástæður þess. Það skiptir þó sköpum að rýna í tölur hvers árs fyrstu árin eftir komu fólks til landsins. Þetta á ekki síst við um flóttafólk. Ef staðan er ekki tekin fyrr en að fimm árum liðnum er hætt við að tölfræðin gefi skakka mynd af atvinnupátttöku þessa hóps fyrstu árin á Íslandi. Einnig glatast tækifæri til að afla nauðsynlegra upplýsinga um ástæður brotthvarfs innflytjenda af vinnumarkaði. Mikilvægt er að horft sé til þeirra áfalla sem algengt er að flóttafólk beri á bakinu og nauðsynlegrar þjónustu til að takast á við þau.

Vinumansal viðgengst einnig víða og mikið er um “svarta vinnu” þar sem fólk er án réttinda og ekki aðilar að stéttarfélagi sem getur aðstoðað þegar um brot á vinnumarkaðslöggjöf er að ræða. Mikill ótti er á meðal innflytjenda um að missa störf sín samkvæmt okkar reynslu. Í einhverjum tilvikum eru einstaklingar einnig háðir vinnuveitanda varðandi húsaskjól.

Talað er um jöfnuð meðal launafólks óháð uppruna en innflytjendur hafa almennt ekki aðgang að sömu störfum og Íslendingar. Mörg upplifa að útlendingaandúð viðgangist á atvinnumarkaði og við teljum það vanmetið vandamál. Almennt geta skammtímaráðningar, sem oft eru viðhafðar, staðið í vegi fólks þegar kemur að því að aðlagast. Ófyrirsjáanleiki gerir það að verkum að skortur er á hvata til þess að læra tungumálið og um íslenska menningu.

Fram kemur í hvítbókinni að stefnt sé að því að auka hlutfall innflytjenda í opinberum störfum. Það er þó ekki fjallað um hvaða stöður innan hins opinbera sé stefnt á að manna með innflytjendum. Til dæmis er sitt hvað ef starfsmaður af erlendum uppruna sinnir þrifum, matseld eða álíka störfum eða sé í stjórnunarstöðu, hafi mannaforráð og svo framvegis.

### **Húsnæðismál**

Húsnæðismál geta verið sérstaklega strembin fyrir innflytjendur. Leigusalar svara síður útlendingum sem torveldir húsnæðisleit enn frekar á markaði sem er laskaður fyrir. Einnig má nefna að í ljósi hás húsnæðiskostnaðar og stöðu innflytjenda á vinnumarkaði fer bróðurpartur launa í leigu. Líkur eru á að ójöfnuður milli innlendra og erlendra muni fara vaxandi. Innflytjendur

koma til landsins, hafa ekki nægilegan aðgang að menntakerfinu, fá ekki fyrri menntun metna, sinna lágláunastörfum og hafa síður tækifæri til að aðlagast samfélaginu. Þannig eru mörg föst í fátækt sem erfst getur milli kynslóða.

### **Athugasemdir við einstaka liði**

Eins og áður sagði er hluti þessarar umsagnar á ensku þar sem hún styðst við ensku útgáfu hvítbókarinnar. Á hún fremur við einstaka liði hvítbókarinnar en einnig eru hér almennar athugasemdir eða ábendingar.

Overall, an interesting and ambitious plan.

- Key objectives: good, but there is a lack of topics that revolve around Icelanders and something concrete to reduce and mitigate xenophobia and racism.
  - In indicators for Target 1.5, it would be interesting to have an indicator that measures the % of immigrants in positions of power.
  - Objective 2, during the explanation of the objective (page 27), the paper talks about paying special attention to well-being of immigrants by recognition of education, however, well-being is not an indicator.
  - Indicators for Target 2.5, the goal for 2038 is unclear and does not follow a trend in comparison to the current situation in 2024. Would be more helpful to use %. Does not consider the lack of places for immigrant children, especially refugees, to attend secondary school.
  - Objective 3 talks about Icelandic and Icelandic sign language. However, it does not keep this throughout the whole objective, making it unclear if in only the occasions that Icelandic sign language is not mentioned, it does not apply.
- Unclear terminology:
  - Clarification as to what group is “refugees”, is it the umbrella term? People granted protection. If so, which kind?
  - On some occasions, the paper speaks specifically of Refugees and elsewhere it uses Immigrants. In some places it says specifically “refugees and immigrants”. When they use “Immigrants and refugees” it makes it unclear if in other occasions the terminology “immigrants” does not include refugees. Examples seen in page 8.
  - In page 12 they refer to “different groups of immigrants”. What does this mean? Does this include Refugees?  
It would be helpful to have these words in the glossary.
  - Page 12, objective 3, they should specify children and adult immigrants.
  - The concept of “native-born” is unclear, as in various occasions the paper also talks about second generation immigrants. Does this mean they are making a difference between people born in Iceland who have Icelandic parents and people born in Iceland whose parents were not born in Iceland?
  - Objective 1 (page 14) talks about “general human rights”, what are these?

- Objective 1.1, it is later explained in the paragraph (page 16) that the figures only include those who have the right to vote and are eligible for election; this should be referred to in the target itself, as it can be misleading in terms of the inclusivity of this target.
- Page 21, “It should be kept in mind that refugees occupy a certain special position...”  
What position are they referring to?
- Term “poverty” needs clarification, to be included in glossary.
- When using % of immigrants in indicators as a representation of the immigrant community, it sees the group “immigrants” as a homogenous groups, without seeing that the immigrant representation, for example, in the public sector, may not represent the actual immigrant population of Iceland (that is different ethnicities).
- Terminology of “deaf”, is “refers to those people who are hearing-impaired, speak sign languages AND have sign language as their first language”. This excludes people who do not follow all three criteria, it should be OR, not AND.
- Indicators for Target 3.2.a, in the goal for 2038, what do they mean by “sufficient”?
- Potential mistake in translation:
  - Page 11: “In Iceland, immigrants belong to...” it would be better “immigrants are a part of”.
  - Page 12, Objective 3: “**both** in everyday life, in education and on labour market” --> “**including** everyday life, in education and on labour market”.
  - Page 35. “It is therefore evident that a large number of people working on the Icelandic labour market do not take proper advantage of their education”. It would be more correct that there are barriers to take proper advantage of their education.

### Lokaorð

Fulltrúar Rauða krossins eru tilbúnir til frekari viðræðna og gera grein fyrir sjónarmiðum félagsins sé þess óskað.